

EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	2.7.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Eftirlitsmaður	Hákon Hansson
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5812012650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrímsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar til að fylgja eftir úrbótum vegna mengunaróhapps þegar lýsi fór í sjóinn tveimur dögum áður.

UMFANG EFTIRLITS

Að morgni 2. 7. sendi heilbrigðisfulltrúi HAUST myndir frá mengunarslysi á Fáskrúðsfirði sl. laugardag sem teknar voru í eftirlitsferð. Í framhaldinu var haldinn skypefundur með eftirlitsmönnum Umhverfisstofnunar og HAUST og þá höfðu borist upplýsingar um mengun í botni Fáskrúðsfjarðar sunnanverðum.

Samkomulag var um að heilbrigðisfulltrúi færi í aðra eftirlitsferð til að kanna breyttar forsendur og afla frekari upplýsinga.

Komið var á staðinn sem er við sunnanverðan innsta hluta fjarðarins á flæðileirum sem þar eru líklega í landi Sævarenda. Í samtali við Magnús Ásgrímsson verksmiðjustjóra hjá Loðnuvinnslunni á Fáskrúðsfirði í morgun hvatti eftirlitsmaður hann til að hafa samband við landeigendur, en hann taldi ekki mögulegt að ná sambandi við þá í tíma, þarna var háfjara og mikilvægt að hefjast handa sem fyrst.

Hann óskaði eftir því að fá að moka upp grút úr fjörunni og urða, eftirlitsmaður benti á að eðlilegt væri að flytja slíkan mengaðan úrgang á viðurkenndan urðunarstað í Þernunesi. Magnús taldi það óframkvæmanlegt með svo stuttum fyrirvara.

Þá hafði fulltrúi HAUST samband við Umhverfisstofnun til að kanna hvort til greina kæmi að urða á staðnum en því var algerlega hafnað.

Þegar komið var á staðinn um kl 13,30 var verið að skafa grút af leirunum og úða með olíuhreinsi. Svæðið sem var mengað var nokkuð víðáttumikið og slétt, þannig að á flóði flæðir yfir allt svæðið, ekki síst núna þegar stórstreymt er.

Ljóst var strax, að þarna hafði borist lýsiflekkur upp á leirurnar og síðan fjarað undan honum. Vel sést á myndum hvað svæðið var stórt.

Eftirlitsmaður var á staðnum fram eftir degi, þar til farið var að flæða yfir hluta af leirunum en þá hafði tekist að skafa fjöruna og snúa mól og sandi þannig að lýsismengunin var aðeins að litlum hluta á yfirborði. Eins og sést er mengaða svæðið verulega stórt.

Síðan fór eftirlitsmaður að austurenda á gömlum flugvelli fyrir miðjum fjarðarbotni og þar var einnig mikil mengun hátt í fjöru, hefur borist þangað á háflóði og setið eftir.

Vísað er til myndasýrpu sem send var Umhverfisstofnun 3. júlí sl., þar eru staðsetningar myndatöku merktar. Loks var farið í smábátahöfn, innst í þorpinu, þ.e. norðan fjarðarins.

Þarna var einnig talsverð grútarmengun.

Loks voru greinileg merki um grútarmengun í stórgrýtisfjörum meðfram nánast öllu þorpinu.

Rætt var við starfsmenn Áhaldahúss Fjarðabyggðar, sem reynt höfðu að þvo lýsisblauta fugla og sleppa þeim síðan. Ekki er ljóst hver árangur af slíku verður. Eftirlitsmaður dregur í efa að árangurinn verði mikill. Starfsmennirnir töldu að talsvert væri um fugladauða, einkum æðarunga, en einni eitthvað af fullorðnum fugli.

Í gærkvöld, um kl 22 hringdi starfsmaður Loðnuvinnslunnar og sagðist hafa farið á leirurnar eftir að flætt hafði yfir þær og aftur fjarað út.

Hann taldi að með því að velta jarðvegi hefði tekist að fjarlægja grút að mestu af yfirborði og sama sagði verksmiðjustjórinn í morgun, sem taldi svæðið líta vel út að morgni 3. 7.

Við komu fulltrúa frá Umhverfisstofnun, 4. 7. var farið yfir hvort eitthvað sé frekar hægt að gera vegna mengunarinnar og jafnframt farið yfir endurbætta viðbragðsáætlun fyrirtækisins.

Að öðru leyti er vísað til myndasýrpu sem send var öllum viðkomandi, 3. júlí sl.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Reykjavík, 03.01.2019

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Halla Einarsdóttir

bls. 3

